

Reykjavík 31. júlí 2023

## Innviðaráðuneytið

### Skrifstofa samgangna

**Efni: Umsögn Samorku um drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024–2038.  
Samráðsgáttamál nr. 112/2023.**

Samorka hefur á undanförunum árum ítrekað minnt á mikilvægi vatnsverndar og vatnsverndarsvæða og sjálfstæðrar umfjöllunar um þessi atriði við gerð Samgönguáætlunar, umhverfismat hennar og aðgerðaráætlunar á grundvelli hennar (en áætlunin og aðgerðaráætlunin eru nú í einu skjali eins og fram kemur í kynningu á málinu).

Þá hefur Samorka einnig minnt á mikilvægi sjálfstæðrar umfjöllunar um orkuskiptin og sérstakrar aðgerðaráætlunar þar að lútandi sem hluta af Samgönguáætlun. Samorka fagnað því að vinna á sérstakan vegvísi um vistvænar samgöngur á Íslandi eins og greint er frá í 4. lið draga að aðgerðaráætlun Samgönguáætlunar og kynnt hefur verið í Samráðsgátt stjórnvalda. Þá fagnar Samorka að samkvæmt umræddu samráðsgáttarmáli er gert ráð fyrir sérstakri aðkomu Samorku að gerð vegvísisins. Er það gríðarlega mikilvægt ekki síst með tilliti til nauðsynlegrar uppbyggingar á flutnings- og dreifikerfum raforku. Ljóst er að dreifiveiturnar munu gegna lykilhlutverki í þessari uppbyggingu með því að tryggja nægilega flutningsgetu raforku fyrir þá innviði sem byggja þarf upp hringinn í kringum landið. Í hlutarins eðli liggur að nauðsynlegt verður að endurskoða Samgönguáætlun þegar vegvísir að vistvænum samgöngum liggur fyrir. Með þetta í huga er það niðurstaða Samorku að taka ekki að svo stöddu til sérstakrar umfjöllunar einstaka liði þessara draga að Samgönguáætlun sem fjalla um orkuskiptin.

Rétt er þó að leggja áherslu á að allt regluverk þarf að styðja við væntanlega uppbyggingu orkuinnviða auk þess sem sýnt er að koma þarf til sérstakur stuðningur við uppbygginguna, einkum í dreifðum byggðum. Þá er mikilvægt að minna á nauðsyn áframhaldandi stuðnings við orkuskiptin eins og fram kemur í drögum að áætluninni.

Eins og áður segir hefur Samorka áréttáð mikilvægi vatnsverndar og vatnsverndarsvæða í fyrri umsögnum sínum. Jákvætt er að nokkuð er fjallað um þessi atriði í drögum að umhverfisskýrslu Samgönguáætlunar sem kynnt var með Samráðsgáttarmáli nr. 66/2023 og þá eftir atvikum í umfjöllun um einstök framkvæmdasvæði.

Hér er hins vegar mikilvægt að benda á að hvorki í drögum að umhverfisskýrslunni né í þeim drögum Samgönguáætlun, sem hér er til umfjöllunar, er tekið mið af Vatnaáætlun fyrir Ísland sem ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála staðfesti þann 4. apríl 2022, en samkvæmt henni þarf einnig að

vinna aðgerðar- og vöktunaráætlun vegna vatnshlota og þá meta möguleg utanaðkomandi áhrif t.d. frá vegagerð.

Í Vatnaáætluninni segir m.a.:

„Samgönguáætlun 2020- 2034

Samþykkt hefur verið samgönguáætlun 2020-2034. Á grunni hennar er sett fram aðgerðaáætlun til fimm ára 2020-2024. Samgönguáætlun felur í sér framtíðarsýn og áform um nýframkvæmdir, viðhald á vegum, höfnum og flugvöllum um allt land. **Í lögum um stjórn vatnamála kemur fram að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun/breytingu á samgönguáætlun skal samræma hana vatnaáætlun. Huga þarf að vernd vatnsverndarsvæða og vegagerðar þar um. Allt vatn á Íslandi skal vera í mjög góðu eða góðu ástandi og þarf samgönguáætlun að taka mið af því og rýra ekki vatnsgæði í framkvæmdum sínum.**“ (feitletrun og undirstrikun bréfitara)

Með framan ritað í huga er ljóst að endurskoða þarf drögin að Samgönguáætlun (þ.m.t. aðgerðaráætlunina) sem og drögin umhverfisskýrslu hennar þannig að skilyrðum Vatnaáætlunar sé fullnægt. Í þessu samhengi er rétt að áréttta mikilvægi vöktunar af hálfu veghaldara gagnvart mengun og þá ekki síst uppsafnaðri mengun við vegi sem síðan getur smitast inn í grunnvatnsstrauma eða skolast þangað við tiltekna náttúrulegar aðstæður eða vá.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi vatnsauðlindarinnar og þeirra gríðarlegu verðmæta sem hún felur í sér fyrir líf og heilsu allra Íslendinga, bæði almennings en ekki síður hlut hennar í atvinnusköpun um allt land. Einnig væri eðlilegt að þessir þættir væru teknir sérstaklega til skoðunar við gerð umferðaöryggisáætlunar enda geta úrbætur á umferðaráhættum farið saman við umbætur m.t.t. áhættu fyrir vatnsverndina.

Samorka og aðildarfyrirtækin eru eins og áður tilbúin til náins samstarfs við ráðuneytið og Vegagerðina um alla framangreinda þætti og úrvinnslu þeirra.

Um leið og Samorka þakkar fyrir tækifærið til þess að veita umsögn um málið vísun við til umsagna aðildarfyrirtækja okkar.

**Virðingarfyllst,**

*f.h. Samorku*

*Baldur Dýrfjörð lögfræðingur*